

Fundargerð hverfisnefndar Holta- og Hlíðahverfis

Fundur haldinn 5. maí 2008

Mætt voru: Magna Guðmundsdóttir, Valdimar Pálsson, Helga Aðalgeirsdóttir, Ingvar Þóroddsson og Pálína Jónsdóttir.

Stjórn skiptir með sér verkum

Valdimar Pálsson verður formaður fram að áramótum en Magna Guðmundsdóttir tekur þá við fram að aðalfundi 2009. Helga Aðalgeirsdóttir verður ritari.

Deiliskipulag Undirhlíðarreits

Fjallað var um deiliskipulag Undirhlíðarreits. Rætt um framgang málsins, um aðalskipulagsferlið, um kynningarfundinn sem haldinn var haustið 2007 og kynningarfundinn vorið 2008.

Tekin var ákvörðun um að skrifa bréf og gera athugasemdir við deiliskipulagið. Íbúar í hverfinu eru mjög mikið á móti háhýsum á reitnum og hafa komið fram mótmæli við hæð og umfang húsanna á þeim tveimur kynningarfundum sem haldnir hafa verið. Íbúum í grenndinni finnst að húsin séu í engu samræmi við aðliggjandi byggð. Bréf hverfisnefndar verður skrifað í svipuðum dúr og bréf sem stjórn hverfisnefndarinnar sendi til skipulagsstjóra í haust að beiðni hans.

Aðalskipulag Akureyrar

Umræða um aðalskipulagið og þéttingu byggðar í hverfinu, m.a. við Jötunfell. Rætt um að umferð um Krossanesbrautina væri mjög þung.

Undirgöngin undir Hörgárbraut

Skólastjóri Glerárskóla hefur áhyggjur af að undirgöngin verði lítið notuð á þeim stað sem þau eru fyrirhuguð. Það vantar göngustíg meðfram Hörgárbrautinni frá Bónus upp á ásinn. Göngustígur úr Langholti að strætóstöðinni ofan við Bónus veldur því að krakkar hlaupa yfir Hörgárbrautina við strætóstöðina og á milli blokka við Skarðshlíðina. Það verður að hugsa um tengingu göngustíga í hverfinu við undirgöngin, þannig að þau verði notuð. Annars verður sama hætta áfram við strætóstöðina. Hverfisnefndin ætlar að skoða hvort senda eigi athugasemdir til Akureyrarbæjar.

Sprengingar í Krossaneshaga

Íbúi í Holtahverfi hafði samband og kvartaði yfir sprengingum. Hann sagði að verktakar bentu hver á annan þegar væri kvartað. Einnig væri mikil loftmengun frá svæðinu, því það væri mikið um opin malar- og moldarflög.

Umræða var um hvort Akureyrarbær gæti ekki farið fram á að verktakar í Krossaneshaga myndu taka til hjá sér. M.a. eru brotajárnshaugar á svæðinu mjög áberandi. Ákveðið var að skoða málið betur og heyra aftur í þeim sem kvartaði.

Fundartími

Ákveðið að halda fundi fyrsta mánudag í mánuði. Næsti fundur verður 2. júní. Svo verði frí fram í ágúst. Þá tekur við undirbúningur fyrir hverfishátíð í samstarfi við foreldrafélag Glerárskóla. Rætt um að hverfisnefndin gæti hugsanlega skipulagt gönguferð í tengslum við hátíðina.

Ritað 5. maí 2008

Helga Aðalgeirsdóttir